

## Umræðuskjal fyrir vinnu í málstofu um atvinnu-, umhverfis- og menntamál

### Vinnufundir umhverfisnefndar ASÍ vor 2010

Umhverfisnefnd ASÍ hélt tvo vinnufundi í mars 2010 þar sem nefndarmenn nýttu sér vinnuaferð *Miðlunaraðferðinnar* –

Á fyrri fund nefndarinnar þann 10. mars hélt Helgi Björnsson, jöklafræðingur erindi um jökla á Íslandi og hvaða áhrif loftlagsbreytingar hafa á þróun þeirra. Á fundinum hélt einnig erindi Sigurður Eyber, masternemi í umhverfis- og auðlindafræðum, hann fjallaði um „fótsporið“ sem einstaklingurinn skilur eftir sig í vistkerfinu. Bæði erindin voru mjög áhugaverð og var markmiðið að nefndarmenn hefðu efni til að vinna úr þegar leitað var svara við eftirfarandi spurningu:

**„Hvaða áhrif hafa loftlagsbreytingar og viðbrögð við þeim hér á landi?“**

Nefndarmenn fengu samantek greina um umhverfisáherslur og spurningarlisti með fjölmörgum spurningum var lagður fram.

Undirflokkarnir sem unnið var með voru eftirfarandi:

- Efnagagslíf
- Atvinnuvegir
- Störf
- Samfélagið
- Samstarf
- Hlutverk ASÍ og verkalýðshreyfingarinnar
- Inn á við

Hér á eftir er samantek helstu atriða sem fram komu á vinnufundunum

---

#### **Helstu niðurstöður vinnufundar 10. mars 2010.**

Áhersla á efnahagslífið, fjallað var almennt um breytingar í samfélaginu og hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í allri umræðunni um loftlagsbreytingar og áhrif á umhverfið.

Eftirfarandi eru þau atriði sem fram komu á miðunum sem nefndarmenn skrifuðu á, flokkunum er raðað upp af handahófi

#### **Efnahagslíf/samkeppni:**

Áhersla var að með því að auka sjálfbærni samfélagsins m.a. að efla og styrkja íslenska framleiðslu þar sem notuð væri vistvæn orka þá bætti það og tryggði samkeppnisfærni landsins. Mikilvægt væri að leggja áherslu á kynningu á innlendra framleiðslu og ekki síst leggja áherslu á hreinleika orkunnar – þ.e. sjálfbærni.

#### **Lífskjör:**

Þrátt fyrir allar breytingar og nýjar áherslur er það óumdeilt hlutverk verkalýðshreyfingarinnar að standa vörð um þau réttindi og lífskjör sem þegar hafa fengist en um leið að tryggja að kjör launafólks batni með nýjum áherslum í efnahags- og atvinnulífi landsins.

### Samgöngur/sjávarútvegur:

Líflegar umræður voru um samgöngur og möguleika á því sviði. Umhverfisvæn orka, vetnisbílar, breytingar á orkunotkun fiski- og flutningaskipa o.m.fl. Ekki síst var umræðan um breytingar á samgöngumáta í borgun/bæjum; almenningsamgöngur og hjól.

### Fræðsla – breyting á hugarfari:

Nefndarmenn voru sammála mikilvægi þess að umhverfisvitund væri forsenda breytinga. Að almenningur fái fræðslu um breytingar á neysluvenjum, auka umhverfisvitund, mikilvægi sjálfbærni var meðal atriða sem nefnd voru.

Efnahagslíf/samkeppni	Lífskjör launafólks	Samgöngur - veiðar	Fræðsla – breyting á hugarfari
Samkeppnisstaða getur batnar	Launakjör geta batnað ef rétt er á spilum haldið	Bæta almennings-samgöngur	Fyrirbyggjandi aðgerðir
Auka sjálfbærni	Aðlögun að breytingum	Skoða flutningsleiðir	Auka umhverfisvitund – breyta neysluvenjum
Auka íslenska framleiðslu t.d. grænmeti	Viðhalda lífskjörum	Umhverfisvænar samgönguleiðir	Endurheimting votlendis v/kolefnisbindingar gróðurhúsalofttegunda
Tryggja samkeppnisstöðu okkar	Tryggja kjör launafólks	Umhverfisvænni veiðar	
Leggja áherslu á sjálfbærni	Viðhalda almennum lífskjörum		
Auka innlenda framleiðslu			
Kynning á innlendum vörum			
Samkeppnisstaða Íslands batnar vegna orkumöguleika og vatns.			

### Framtíðarsýn:

Ísland og íslendingar hafa alla möguleika á að vera í fararbroddi græns hagkerfis, að verkalýðshreyfingin á að sýna frumkvæði og vera með í ákvörðunartöku og markmiðssetningu á öllum sviðum sjálfbærni er varðar áhrif loftlagsbreytinga á efnahagslífi og samfélagið almennt.

Framtíðarsýn	Neikvæð áhrif		
Vera í fararbroddi græns hagkerfis	Verðlag mun hækka, takmörkun orku =hækkar Minnkandi losun = hækkar Minnkandi vatn= hækkar		
Grænt samfélag			

## **Helstu niðurstöður vinnufundar 22. mars 2010**

Fjallað var um atriðið er varða **atvinnuvegi og störf**

### **Ferðapjónusta:**

Vaxandi atvinnugrein – ekki síst eftir hrunið – Ferðapjónustan aflar svipaðrar gjaldeyristekna og stóriðjan. Margvísleg nýbreytni hefur verið innan greinarinnar á síðasta ártugi en margt er hægt að gera til að efla ferðapjónustu og fjölga störfum innan greinarinnar á sem flestum sviðum. Með tillit til sjálfbærni greinarinnar þá er mikilvægt að skoða nýjar leiðir hvað varðar orku og orkunýtingu. Eru hótél með umhverfisstimpil? Hvað þarf að gera til að svo verði? Er SAF með umhverfisstefnu?

### **Fræðsla:**

Mikilvægt er að vekja fólk til umhugsunar um nærumhverfi sitt. Lítil vitund um umhverfismál almennt. Nauðsynlegt að breyta þessu og þar hefur verkalýðshreyfingin verk að vinna og taka virkan þátt í fræðslu. Fræðsludeild ASÍ getur boðið upp á fræðslu fyrir talsmenn hreyfingarinnar. Fræðsla í grunnskólum og framhaldsskólum er í lagi, áhersla þarf að vera á fullorðið fólk.

### **Orka/orkuleiðir:**

Mikilvægur málaflokkur þegar fjallað er um loftlagsbreytingar og umhverfisáhrif. Orkan sem fer frá orkuverum getur misst um ½ á leiðinni í gegnum rafkapalinn- því er t.d. ekki fjárhagslega hagkvæmt að selja orku út úr landinu.

Þegar skoðaðar eru nýjar orkuleiðir þarf að huga að öllum þáttum. T.d. varðandi sólarsellur, hvað kostar að framleiða þær? hvað kostar að farga þeim? hvaða með mengun af þeirra völdum?

Nauðsynlegt er að hið opinbera komi að fjármögnun í formi styrkja fyrir fyrirtæki sem vilja breyta til og fara í orkuminni framleiðslu. Ekki má gleyma þeim fyrirtækjum sem fyrir eru, garðyrkjubændur sérstaklega að þeir fái orku á „álverðsverði“!

Rætt var um ýmsan nýngar s.s. virkjanir í sjó sem verið hefur í gangi í Evrópu, einnig var umræða um vinmyllur en virðist sem sú orka sé ennþá of dýr að hún borgi sig. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með að virkja frá ferskvatni yfir í saltvatn en það er einnig of dýrt eins og er.

Það er hægt að gera margt til að spara orku t.d. fræða almenning að náttúruauðlindir s.s. vatn er ekki óþrjótandi!

### **Græn samfélög:**

Nærsamfélagið, sveitafélögin geta gert margt til að efla umhverfisvitund íbúa og þá um leið að hafa áhrif á nýsköpun. Í mörgum sveitarfélögum er umræða um hvernig á að fara með sorp og skolpmál. Það þarf að skoða þessa málaflokka betur og koma með tillögur um framkvæmd út frá forsendum umhverfisverndar. Endurskoða þarf kostnað vegna losunar lífræns úrgangs. Sundlaugin á Svínafelli er hituð upp með sorpi

### **Nýsköpun:**

Áhersla á græn störf, ný sóknarfæri, niðurgreiðslur og nýjar áherslur í byggingaiðnaði. Þar eru vaxtarsprotar t.d. að breyta húsnæði í „græn hús“. Hægt er að gera sjálfbærni húsa að arðbæru, atvinnuskapandi verkefnum og ekki síst verður vinnuumhverfi betra og þá um leið framleiðni. Dæmi um „græn hús“ er Sólheimar í Grímsnesi.

Nauðsynlegt er að auka fjármagn til nýsköpunarsjóðs þannig að raunverulegir styrkir eru til staðar fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Ferðapjónusta	Fræðsla	Orka/orkuleiðir	Græn samfélög	Nýsköpun
Uppbygging ferðamannastaða. Göngustígar – snyrtingar. Laugar og náttúruspa víðar. Stýra umferð á þessum svæðum með mannvirkjum.	Efla umhverfisvitund fólks með fræðslu.  <b>Þetta var á mörgum miðum!</b>	Skoða orkuminni úrræði s.s. sólarsellur og sjáfarvirkjanir.	Sveitafélögin sameinist um sorphreinsunarmál.	Hátækni – líftækni.
Nýta sérstöðu veður – birtu – myrkur (norðurljós) snjó. Ljósmyndaferðir.		Sjálfbærni húsa. Nýting á sorpi til upphitunar.	Sóknarfæri hvað varðar umhverfisvernd. Græn hús!	Búa til tollfrjálsa umskipunarhöfn milli austurs og vesturs.
Menningartengd ferðapjónusta – upplifun.		Raforka til lítilla iðngarða á „álverði“. Sama til grænmetisframleiðslu og blómaræktar.	Sjálfbærni húsa!	„Polinmótt fjármagn“ fyrir hugvit.
Nýja hugsun í ferðapjónustu. T.d. græna hugsun.		Hlúa að því sem fyrir er – lægra orkuverð.		
		Aðstoða fyrirtæki til að skipta yfir í orkuminni framleiðslu.		
		Efla iðnað í landinu með því að beina orku okkar til landsmanna/fyrirtækja.		

## Samfélagið:

**Samvinna**, nauðsynlegt að vinna saman en ekki í litlum einingum. Það þarf að skoða sveitarstjórnarstigið, hvað er verið að gera hjá SÍS, er til umhverfisstefna? Þarf að efla samfélagslega vitund fólks, þarf að hugsa: einstaklingurinn – gatan – hverfið – landið! Jafnræði á milli landshluta er mikilvæg, því ef ekkert er að gert þá minnkar jafnræði á milli fólks/þjóða – bil milli ríkra og fátækra eykst.

Aðaláhersla hjá vinnuhópnum var að nauðsynlegt væri að mismunandi hagsmunahópar/stofnanir vinni betur saman þegar kemur að loftlags- og umhverfismálum.

Samvinna	Samfélagsleg vitund	Horfa fram á við	Nýjungar
Samábyrgð	Samfélagsleg vitund: <ul style="list-style-type: none"><li>- Einstaklingur</li><li>- Sveitarfélagið</li><li>- Landið</li><li>- Heimurinn</li></ul>	Samvinna við aðrar þjóðir.	Mesta framtíðarógn mannkyns mun verða átök um gæði frá umhverfi. Vatn og orka.
Samstaða		Byrja á okkur sjálfum!	Umhverfisefni í byggingum svo sem grjót og torf.
Menn leggi til hliðar einstakingshyggju og taki upp samfélagslega ábyrgð.	Öflug umhverfissjónarmið eiga ef rétt er á spilum haldið að geta orðið öflugasta byggðaþróunarsátt.	Auka samstarf við umhverfisstofnanir erlendis.	ASÍ á að setja fram „Grænt Ísland“ sem eitt af megin stefnumarkmiðum.
Samvinna ólíkra hagsmunaaðila.	Byggja upp grænt samfélag: <ul style="list-style-type: none"><li>- Ferðaþjónusta</li><li>- samgöngur</li><li>- Sorpmál -&gt; samvinna</li></ul>	„Alternatívir“ ferðamátar: <ul style="list-style-type: none"><li>- hjól</li><li>- raflestir</li><li>- einteinungar</li></ul>	
	Betri sorpflokkun – endurvinnsla.	Umhverfisvernd og sjálfbærni í skólakerfið. Búa til námsefni!	
	Bæjarfélög taki af skarið í umhverfismálum.		